

Miðvikudagurinn 2. júlí 1997 kl. 14:00

97. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 28/1997

## Útgáfa Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor*

### I.

#### Málavextir

##### 1.

Samkeppnisráð tók á árinu 1996 tvær ákvarðanir í framhaldi af kvörtunum Lífs og sögu ehf. yfir útgáfu Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor*.

Forsaga málsins er sú að snemma árs 1996 barst Samkeppnisstofnun erindi frá Lífi og sögu sem hefur undanfarin fimm ár gefið út bókina *Gest*. Í erindinu var kvartað yfir þá fyrirhugaðri útgáfu Miðlunar á bókinni *Dear Visitor*. Með ákvörðun nr. 16/1996 úrskurðaði samkeppnisráð að Miðlun hefði með viðskiptaháttum sínum við kynningu og sölu á fyrirhugaðri útgáfu *Dear Visitor* brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Ekki var talið að um væri að ræða brot á 25. og 27. gr. sömu laga. Miðlun áfrýjaði ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti ákvörðunina.

Miðlun gaf síðan út bókina *Dear Visitor* og í kjölfar þess fékk Samkeppnisstofnun annað erindi frá Lífi og sögu í september 1996. Kæruefnið var nú útgáfa bókarinnar sem slík og í erindinu sagði m.a.:

„Bókin *Dear Visitor* er augljós eftirlíking á bók(um) umbj. m. *Gesti*, hvað varðar stærð, gerð pappírs og frágang allan, jafnframt sem uppsetning og efnistöð eru stæld m.a. á kápum og baksíðum, þannig að í sumum tilvikum er um hreina eftirgerð að ræða.

*Greinar úr bókum kæranda eru teknar orðrétt upp í bókinni *Dear Visitor* og þýðingar á greinum notaðar án leyfis kæranda og þýðenda.“*

Síðar segir:

*„Með útgáfu sinni á bókinni Dear Visitor hefur Miðlun ehf. með margvíslegum hætti brotið gegn lögvörðum rétti kæranda, m.a. með því að hagnýta sér með ólögætum og saknæmum hætti heilsteypta viðskiptahugmynd, sem kærandi hefur sl. 6 ár lagt í verulegan kostnað og ómælda vinnu við að þróa, til þess að afla sér fjárhagslegs ávinnings á kostnað kæranda.*

*Með útgáfu sinni á bókinni Dear Visitor hefur Miðlun ehf. með freklegum hætti brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga gagnvart kæranda, sem er skýlaust brot gegn m.a. 20., 21., 25. og 27. gr. samkeppnislaga.“*

Niðurstaða samkeppnisráðs var að með ákvörðun ráðsins nr. 16/1996, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar nr. 8/1996, hafi verið kveðið á um réttarstöðu málsaðila samkvæmt samkeppnislögum og hafi réttarræði samkeppnisyfirvalda því verið tæmd. Ráðið taldi að aðrir þættir málsins snéru að einkaréttarlegri vernd á sviði höfundarréttar sem samkeppnisyfirvöldum sé ekki ætlað að skera úr um. Ákvörðunarorð í ákvörðun nr. 41/1996 voru því að samkeppnisráð teldi ekki ástæðu til frekari íhlutunar í tilefni af erindi Lífs og sögu.

## 2.

Líf og saga áfrýjaði ákvörðun samkeppnisráðs nr. 41/1996 til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Með úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 3/1997 var ákvörðun samkeppnisráðs felld úr gildi.

Í niðurstöðum áfrýjunarnefndar segir m.a.:

*„Mál þetta fjallar um það hvort ritstjóri „Dear Visitor“ sem fyrirtækið Miðlun ehf. gefur út hafi með útgáfu bókarinnar brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga. Ritstjórinn var áður ritstjóri sambærilegrar bókar „Gests“ sem áfrýjandi gaf út. Hann hafði hætt starfi að eigin ósk hjá fyrirtækinu um mánaðarmótin nóvember/desember 1995 og hóf störf hjá Miðlun ehf. að útgáfu bókarinnar „Dear Visitor“...*

*Telja verður að atriði við frumhönnun, útlit og efni bókar af þeirri gerð sem hér um ræðir geti falið í sér atvinnuleyndarmál sem eðlilegt er að eigi að fara leynt. Það gildir án tillits til þess hvernig réttarstaða að höfundarrétti kann að*

horfa við. Ekki ræður úrslitum í þessu sambandi þótt unnt sé að finna sambærileg rit erlendis. Aðalatriðið er hvort sú sérstaka þekking sem hafði áunnist við útgáfu bókarinnar „Gests“ hafi með einhverjum hætti nýst fyrirtækinu Miðlun ehf. er ritstjórinn hóf þar störf sem ritstjóri bókarinnar „Dear Visitor“, þannig að óeðlilegt megi teljast út frá samkeppnissjónarmiðum.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að atvinnuleyndarmál hafi verið rofið með óeðlilegum hætti í tengslum við útgáfu bókarinnar „Dear Visitor“.

Af framansögðu leiðir að ekki verður hjá því komist að fella ákvörðun nr. 41/1996 úr gildi.“

### 3.

Í framhaldi af úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála barst Samkeppnisstofnun erindi frá lögmanni Lífs og sögu þar sem sagði:

„Með vísan til ofangreinds úrskurðar, dags. 26. mars sl., er þess farið á leit að samkeppnisráð taki mál þetta til efnislegrar úrlausnar svo fljótt sem kostur er, með vísan til kæru umbj. m., dags. 19. sept. 1996.“

Með bréfi, dagsettu 29. apríl 1997, tilkynnti Miðlun síðan Samkeppnisstofnun að fyrirtækið hefði hætt frekari útgáfu *Dear Visitor*.

Í kjölfar þessa bréfs óskaði stofnunin eftir sjónarmiðum Lífs og sögu um hvort fyrirtækið teldi sig hafa hagsmuni af því að málinu yrði haldið áfram af hálfu samkeppnisyfirvalda.

Í svari Lífs og sögu, dags. 7. maí 1997, segir m.a.:

„Ofangreint bréf Miðlunar ehf. til yðar breytir engu um afstöðu umbj. m. til þessa máls.“

Ljóst er að umbj. m. hefur verið beittur óréttmætum viðskiptaháttum af hálfu Miðlunar ehf., vegna útgáfu Miðlunar ehf., á bókinni „Dear Visitor 1996“.

Vegna þessa máls hefur umbj. m. orðið fyrir umfangsmiklu fjártjóni og þurft að leggja í umtalsverðan kostnað við að verja lögmeta hagsmuni sína.

*Umbj. m. hefur gífurlega hagsmuni af því að fá efnislega niðurstöðu samkeppnisyfirvalda í máli þessu, m.a. með hliðsjón af því, hvern dilk þetta mál á eftir að draga á eftir sér.“*

Miðlun var gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum eða skýringum við málið og í bréfi, dags. 9. júní sl., segir m.a.:

*„Umbj. m. telur að sóknaraðili, Líf og saga ehf., hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni að fá afstöðu samkeppnisyfirvalda til kærumála sinna á hendur umbjóðanda mínum. Jafnframt er vitnað til þeirra raka sem áður hafa verið greind fyrir því að ekki séu lagaskilyrði þess að halda áfram málinu fyrir samkeppnisyfirvöldum, enda heyri ágreiningsefnið undir dómstóla.“*

## II.

### Niðurstaða

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur með úrskurði sínum, nr. 3/1997, kveðið á um að Miðlun hafi í tengslum við útgáfu bókarinnar *Dear Visitor* rofið atvinnuleyndarmál með óeðlilegum hætti. Sú þekking sem ávannst við útgáfu *Gests* hafi nýst Miðlun þegar fyrrum ritstjóri *Gests* hóf störf sem ritstjóri *Dear Visitor*. Samkeppnisráð telur að með úrskurði áfrýjunarnefndar hafi verið kveðið á um réttarstöðu Lífs og sögu í máli þessu samkvæmt samkeppnislögum og því sé ekki ástæða til að aðhafast frekar í tilefni af erindinu.

## III.

### Ákvörðunarorð:

**„Samkeppnisráð telur, með vísan til úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/1997, ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna útgáfu Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor*.“**